

Kristjana María Svarfdal Ásbjörnsdóttir
Kristnibraut 81
113 Reykjavík

Reykjavík, 29. janúar 2016

Mér hefur falið bæjarstjórinn í Garðabæ að rita yður eftirfarandi vegna erindis yðar til Garðabæjar, móttengið hinn 28. desember sl., og varðaði fasteignina Goðatún 34.

Á fundi bæjarráðs Garðabæjar hinn 12. janúar sl. var erindið tekið fyrir og eftirfarandi bókað:

Á fundi bæjarráðs 3. mars 2015 var lagt fram sölutilboð eiganda Goðatúns 34 að fjárhæð kr. 47.000.0000.

Af því tilefni var eftirfarandi bókað.

*„Í dómi Hæstaréttar, sem kveðinn var upp 27. nóvember sl. var Garðabær sýknaður af kröfu húseiganda Goðatúns 34 um greiðslu bóta vegna skemmda á húsnæðinu sem húseigandi taldi að væru tilkomnar vegna framkvæmda á vegum Garðabæjar við götuna Silfurtún.
Bæjarráð samþykkir með vísan til niðurstöðu dóms Hæstaréttar að leggja til við bæjarstjórn að hafna sölutilboði bréfitara.“*

Á fundi bæjarstjórnar 5. mars s.á. var samþykkt bæjarráðs staðfest.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að ræða við málsaðila.

Bæjarstjóri hefur með samtölum við tiltekna málsaðila leitað nánar upplýsinga varðandi umrætt erindi, til samræmis við framangreinda bókun bæjarráðs.

Í nefndu erindi til Garðabæjar, mótt. 28. des. sl., er þess farið á leit að Garðabær kaupi fasteignina Goðatún 34 og er í því sambandi vísað annars vegar til meintra afleiðinga framkvæmda Garðabæjar á árinu 2008 og hins vegar til félagslegra aðstæðna húseigandans, svo sem nánar er rakið í erindinu.

Rétt er að taka fram að Garðabær hefur fullan skilning á þeirri stöðu sem lýst er í erindi yðar. Á hinn bóginn, sbr. fyrri bókun bæjarráðs frá 3. mars 2015, verður að líta til þess að samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 27. nóvember 2014 ber Garðabær ekki skaðabótaábyrgð á meintu tjóni á fasteigninni. Með vísan til þess er ekki tilefni til

þeirra aðgerða sem óskað er eftir af hálfu Garðabæjar, þ.e. að sveitarfélagið kaupi fasteignina. Þá er það og svo, eins og fullljóst má telja, m.a. með tilliti til jafnræðissjónarmiða, að aðstæður húseiganda geta heldur ekki réttlætt slíka aðgerð af hálfu sveitarfélagsins.


Erindi yðar fylgdi undirskriftalisti sem stofnað var til á fésbókarsíðu, en listanum var ætlað að afla stuðnings við þær kröfur sem fram koma í erindi yðar og að framan er lýst. Garðabæ er því kunnugt um þá afstöðu undirskriftaaðila sem þar kemur fram. Af því tilefni sérstaklega er þó rétt að benda á eftirfarandi.

Í kynningu á undirskriftasöfnuninni, sem fylgi erindi yðar, er málsvikunum lýst einhliða af yðar hálfu. Þar er m.a. teflt fram að umrædd húseign hafi orðið fyrir skemmdum vegna framkvæmda sem bærinn hafi staðið fyrir. Þá er látið að því liggja, að ætla verður, að forföll lögmanns Garðabæjar og frestun málsins, og breytingar á skipan dómara af þeim sökum, hafi verið af annarlegum ástæðum. Telja verður það ómaklegt. Sama á við um tilmæli Hæstaréttar um tiltekna gagnaöflun, sem raunar laut að báðum málstaðilum, en gagn það sem Garðabær lagði fram var til samræmis við þegar fyrirbyggjandi upplýsingar í málinu. Er því ljóst, að áliti Garðabæjar, að undirskriftasöfnunin hljóti a.m.k. að talsverðu leyti byggja á misvísandi forsendum. Ber að skoða hana í því ljósi.

Að teknu tilliti til framangreinds er ítrekuð sú afstaða bæjarráðs Garðabæjar, frá 3. mars 2015, að ekki er fallist á forsendur séu til að Garðabær kaupi fasteignina Goðatún 34. Í því sambandi er það og áréttað að samkvæmt tilvísuðum dómi var ekki talið að framkvæmdir Garðabæjar teljist grundvöllur bótaábyrgðar vegna fasteignarinnar. Að því er varðar ástæður meints tjóns vísast til nefnds dóms, svo og til ýmissa gagna sem fyrir lágu í málinu. Vakin er athygli á því sem sérstaklega var bent á af hálfu Garðabæjar frá upphafi málsins, að jarðskjálfti á Suðurlandi, sem varð 29. maí 2008, kann að hafa haft hér áhrif. Undir slíkt var m.a. tekið í umsögnum dómkvaddra matsmanna fyrir dómi. Tjón vegna slíkra atvika heyrir hins vegar undir Viðlagatryggingu Íslands, en er ekki á ábyrgð sveitarfélaga.

Að öllu framangreindu gættu er því óhjákvæmilegt að hafna tilmælum yðar um kaup Garðabæjar á Goðatúni 34.

f.h. Garðabæjar,



Andri Árnason hrl.